

ASK arkitektar hlutu Skipulagsverðlaunin 2012 fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands

Skipulagsverðlaunin 2012 voru afhent síðastliðinn fimmtudag en um 60 manns voru viðstödd afhendinguna sem fór fram í lðnó. Þetta er í fjórða sinn sem verðlaunin eru veitt. Í ár var Vistbyggðarráð samstarfsaðili Skipulagsfræðingafélags Íslands, sem stendur fyrir veitingu verðlaunanna annað hvert ár með stuðningi Skipulagsstofnunar. Markmið skipulagsverðlaunanna er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulagsmála á Íslandi á hverjum tíma



Í þetta sinn var athyglinni sérstaklega beint að vistvænum áherslum.

[myndatexti: fulltrúar ASK arkitekta taka við skipulagsverðlaunum 2012. (Páll Gunnlaugsson, Helgi Már Hallgrímsson og Þorsteinn Helgason)]

Það voru ASK arkitektar sem fengu verðlaunin þetta árið fyrir Vísindagarða HÍ. Sérstaka viðurkenningu fengu 3 nemar í Skipulagsfræðum við HR, þau Arnþór Tryggvason, Ester Anna Ármannsdóttir og Eva Þrastardóttir fyrir verkefnið „Nýtt skipulag í Spönginni Grafarvogi, hagnýtt verkefni í bæjarkönnun“

Alls bárust 8 tilnefningar fyrir eftirfarandi verkefni:

- **Brynjureitur** – Arkitektur.is
- **Engihjalli** – THG arkitektar
- **Fuglafriðlandið í Vatnsmýrinni** - Drífa Gústafsdóttir og Sólveig Helga Jóhannsdóttir
- **Garðahverfi** – Alta ehf
- **Grensásvegur/Suðurlandsbraut** – THG arkitektar
- **Höfðabakki 9 skrifstofugarðar** – Landslag og THG arkitektar
- **Spöngin** - Arnþór Tryggvason, Ester Anna Ármannsdóttir og Eva Þrastardóttir

Í umsögn dómnefndar varðandi um vinningstillöguna kom meðal annars fram

að þar væri um, „... mjög góða heildarlausn að ræða, og að tillagan uppfylli best þær forsendur sem áhersla er lögð á varðandi sjálfbærni og umhverfi.“

Það verkefni sem fékk viðurkenningu þótti „áhugavert,vandað og vel unnið um leið og það væri gott innlegg í umræðu um þéttingu byggðar.

Dómnefnd skipuðu:

Dr. Bjarki Jóhannesson formaður, tilnefndur af Skipulagsfræðingafélagi Íslands

Unnsteinn Gíslason tilnefndur af Skipulagsfræðingafélagi Íslands

Egill Guðmundsson tilnefndur af Vistbyggðarráði

Bergljót S. Einarsdóttir tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands

Inga Rut Gylfadóttir tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta

Pórarinn Hjaltason tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands

Umsögn dómnefndar í heild sinni:

Vísindagarðar HÍ – ASK arkitektar

Verkefnið er vandað og vel unnið og framsetning mjög góð. Tillagan hefur markmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi þannig að hagsmunir komandi kynslóða verði ekki skertir og að þær geti notið sömu lífsgæða og við. Gerð er grein fyrir skipulagslegum forsendum tillögunnar og sett eru fram markmið og framtíðarsýn á hvernig svæðið ætti að líta út. Gerð grein fyrir tengslum við aðliggjandi byggð og verðlaunatillögu að skipulagi Vatnsmýrarsvæðisins. Svæðið myndar samfellda heild í samspili við umhverfi og náttúru, umhverfi og vistvænum lausnum eru gerð góð skil og félagslegur þáttur vel leystur. Tillagan fellur vel að þeirri stefnu borgaryfirvalda að draga úr bílaumferð í miðborginni og auka hlut strætó og gangandi og hjólandi umferðar. Byggingarnar falla vel að aðliggjandi háskólabyggingum og verðlaunatillögu að skipulagi Vatnsmýrarsvæðisins, en minna að aðliggjandi íbúðabyggð þótt reynt sé að milda það með því að lækka húsin næst henni. Tillagan forðast hvers kyns mengun, m.a. frá fráveitum, loftmengun og hávaðamengun og gerir ráð fyrir ráðstöfunum til að varðveita grunnvatnsstöðu Vatnsmýrarinnar. Þá er gert ráð fyrir flokkun sorps og skipulagi grenndargámþjónustu.

Tillagan inniheldur göngu- og hjóleiðir og sýnir kerfi af útirýmum innan svæðisins, svo sem torgum og gördum, sem hvetja til félagslegra samskipta þar sem nýtur sólar og skjóls. Skuggavarp mun þó verða töluvert í innigörðum stúdentagarðanna sökum hæðar bygginganna. Tillagan sýnir aðgengi að og göngutengsl við opin svæði, garða, vatn, útivistarsvæði og aðstöðu til frístundaiðju utan svæðisins.

Að framansögðu telur dómnefndin að hér sé um mjög góða heildarlausn að ræða, og að tillagan uppfylli best þær forsendur sem áhersla er lögð á varðandi sjálfbærni og umhverfi. Dómnefndin hefur því ákveðið að veita tillögunni skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélagsins og Vistbyggðaráðs árið 2012.

Spöngin - Arnþór Tryggvason, Ester Anna Ármannsdóttir og Eva Þrastardóttir

Verkefnið er mjög vandað og vel unnið og framsetning skýr. Mjög vel er farið í gegnum allar skipulagslegar forsendur. Verkefnið er gott innlegg í umræðu um þéttingu byggðar. Getið er um vistvæn markmið í innganginum, en ekki farið lengra með það að öðru leyti en að umferðarmálunum eru gerð góð skil og lausnin miðar að því að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. Mótun byggðar er góð og vel hugsuð, en áhugavert hefði verið að vinna áfram með hana.

Sem nemendaverkefni er verkefnið mjög áhugavert, og dómnefndin hefur ákveðið að veita því sérstaka viðurkenningu.

Nánari upplýsingar um tillögurnar má finna á vef skipulagsfræðingafélagsins:
<http://skipulagsfraedi.is>